

Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Fornleifaskráning



Laxárbakki, Sveitarfélaginu Hornafirði
Minjakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Sigríður G Björgvinsdóttir
Vala Garðarsdóttir

Júlí 2018

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	1
FORNLEIFASKRÁNING, LÖGGJÖF OG STAÐLAR	2
FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ OG SKRÁÐAR MINJAR	4
SAMANTEKT OG LOKAORÐ	7
HEIMILDIR.....	8



Mynd 1. Laxárbakki á aðalskipulagsupprætti 2012-2030 fyrir Sveitarfélagið Hornafjörður. Örnefnið Móhóll kemur fram á örnefnakorti Landmælinga Íslands, sjá skjáskot af Kortavefsjá LMÍ hægra megin á mynd. Staðsetning lóðar Laxárbakki 2 er sýnd með rauðri stjörnu. Heimild: <http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal>, <http://kortasja.lmi.is>.

Inngangur

Óskað hefur verið eftir leyfi fyrir byggingaframkvæmdum sunnan Laxárbrúar í Nesjum í Hornafirði, við svonefndan Móhól á landspildu er kallast Laxárbakki (landnr. 159504). Fyrirhugað er að reisa þar einbýlishús á tæplega 1800 m² lóð (L226921). Laxárbakki afmarkast af þjóðvegi 1 að norðan, Árnanesvegi (9761) við bakka Laxár í vestri og jarðamörkum við Seljavelli að austan (sjá mynd 1). Deiliskipulag er ekki til fyrir ofangreint svæði.¹ Það tilheyrði áður beitolandi Árnanes.²

Að beiðni skipulagssviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja, líkt og lög gera ráð fyrir.³ Farið var á vettvang 19. júlí 2018, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur sáu um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.

¹ Sveitarfélagið Hornafjörður, 2018.

² Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 160

³ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 metrar en 100 metrar er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ).

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær. Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika. Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum. Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum. Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.



Mynd 2. Móhóll, horft til austurs af Árnanesvegi (9761) yfir Laxárbakka. Ljósm. SGB, júlí 2018.

Framkvæmdasvæðið og skráðar minjar

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir um Árnanes: „Land jarðarinnar er samfellt, víðáttumikið og mestallt gott til ræktunar. ... Árnanes hefir jafnan verið talin ein af beztu jörðunum í Nesjahreppi. Engjalönd eru þar mikil og góð. ... Fyrr á öldum var býli austan Laxár í Árnaneslandi, er nefndist Ytri-Borgir.“⁴

Árið 1937 reis Akurnes, nýbýli úr fyrrum beitolandi Árnanes, austan Laxár ofan þjóðvegjar.⁵ Síðar risu nýbýlin Seljavellir og Dýhóll austar í landinu.

Mótekja var í landi Árnanes: „... í mýrinni sunnan þjóðvegjar skammt frá brúnni á Laxá. Mórinn var ekki góður.“⁶ Í örnefnaskrá er getið Móhóls, upp af Borgar-Langhólum austan Ytri-Borga.⁷

Á áttunda áratug 20. aldar keyptu landeigendur Akurness svæðið sem hér um ræðir (Laxárbakki) af jarðeigendum í Árnanesi (mynd 2). Samkvæmt Helga Ragnarssyni, eiganda Laxárbakka, var matjurtargarður áður fyrr norðaustan í Móhól og má ennþá greina ummerkin eftir jarðræktina. Fyrir um 30 árum voru framkvæmdir fyrirhugaðar á hólnum, í undirbúningi þeirra var jarðvegi á og við hólinn töluvert raskað.⁸ Innan úttektarsvæðisins sem tekið er fyrir hér stendur vélaskemma sem reist var árið 1981.


⁴ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 160-161

⁵ Bjarni Bjarnason, 197, bls. 171

⁶ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 162

⁷ Stefán Einarsson, 1973, Ó-Árnanes 4-5

⁸ Helgi Ragnarsson, 2018



Mynd 3. Myndkort af úttektarsvæðinu á Laxárbakka. Uppmælingum varpað á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Kortagerð SGB, 2018.

Mógrafir eru meðal algengustu fornleifa á Íslandi og finnast oftast í mýrlendi eða þar sem land hefur verið ræst fram.⁹

„Mótekja var í Árneslandi í mýrinni sunnan Þjóðvegur skammt frá brúnni á Laxá. Mórinn var ekki góður. Árið 1920 voru teknir ... 40 hestburðir af mó.“ segir í byggðasögunni.¹⁰ Örnefnið Móhóll kemur fyrir á örnefnakorti Landmælinga Íslands, suður af Laxárbrú austan Laxár.

Sunnan og vestan í Móhól má sjá ummerki eftir jarðrask – a.m.k tvær dældir, sem líklega eru leifar grafanna eftir mótekjuna sem átti sér fyrrum stað á hólnum. Ekki er ljóst hvenær mógröftur hófst né var hætt við Móhól, en mótekju á Íslandi var almennt hætt um og upp úr seinni heimstyrjöld eða um 1945.

Matjurtargarður fyrir rófur og kartöflur var áður norðaustan í hólnum. Garðurinn var í notkun frá því Akurnes kaupir landið á áttunda áratug síðustu aldar en er ekki lengur nýttur sem slíkur. Enn má sjá leifar hans í hlíðum hólsins og u.þ.b. 65 m langur garður liggur frá norðaustur brekkunni (sjá mynd 3). Samkvæmt lengd garðsins má gera ráð fyrir að hér hafi verið um 2000 m² stór matjurtagarður. Í dag hefur honum verið breytt í tún til ræktunar (sjá myndir 3 og 6).

Eftirfarandi minjar voru skráðar á vettvangi:

⁹ Birna Lárusdóttir, 2011, bls 270.

¹⁰ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 162

Auðkennisnúmer: 1961:001

Staðsetning: A 682617.495 – N 428266.674

Sérheiti: Móhóll

Tegund: heimild

Hlutverk: mótekja

Aldur frá: 850

Aldur til: 1945

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda og ágangs

Vegghæð frá: 0,0 m

Vegghæð til: 0,0 m

Veggjabreidd: 0,0 m

Lýsing: vallargróinn hóll (mynd 4),

fremur flatur að ofan og rís um 8 m

yfir sjávarmál. Suðvestan í hólnum mótast fyrir dældum með steinaruðningi sem líkur eru á að séu leifar eftir mótekjuna sem fram fór á hólnum.



***Mynd 4.** Móhóll (1961:001), horft til norðausturs. Ummerki eru sunnan í hólnum, að líkindum eftir mótekjuna. Ljósm. SGB, júlí 2018.*

Auðkennisnúmer: 1961:002

Staðsetning: A 682574.216 – N 428243.027

Sérheiti: Móhóll

Tegund: dæld

Hlutverk: mógrafir

Aldur frá: 850

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda og ágangs

Vegghæð frá: 0,0 m

Vegghæð til: 0,0 m

Veggjabreidd: 0,0 m

Lýsing: tvær hringlaga dældir með ca. 30 m millibili (mynd 5).



***Mynd 5.** Dældir og grjótruðningur sunnan í Móhólum, horft til norðausturs. Ljósm. SGB, júlí 2018.*

Auðkennisnúmer: 1961:003

Staðsetning: A 682640.370 – N 428287.263

Sérheiti:

Tegund: dæld og garðlag

Hlutverk: matjurtagarður

Aldur frá: 1970

Aldur til: 2000

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda og ágangs

Vegghæð frá: 0,0 m

Vegghæð til: 0,0 m

Veggjabreidd: 0,0 m

Lýsing: dældirnar eru tvær, vestari 10 x 18 m og eystri 10 x 14 m. Þær liggja samsíða og hallar til norðausturs.

Garðlagið er austan megin dældanna og nær um 65 m til norðausturs (sjá myndir 3 og 6).



Mynd 6. Matjurtagarður (1961:003), enn sést dæld í hlíðum Móhóls og hluti garðs er afmarkaði matjurtagarðinn er vel sýnilegur. Ljós. SGB, júlí 2018.

Samantekt og lokaorð

Samtals voru skráðir 3 minjastaðir innan úttekarsvæðisins. Skráning 1961:001 er örnefnið Móhóll – augljós heimild um mótekju þar fyrr á tímum, þegar mór var nýttur sem eldiviður. Skráning 1961:002 eru ummerki sem líkleg eru eftir mógrafirnar en gætu líka verið jarðrask frá því framkvæmdir voru fyrirhugaðar við hólinn fyrir 30 árum. Skráning 1961:003 – matjurtagarður er seinni tíma jarðræktarsvæði og skilgreinist því ekki sem friðlýstar minjar samkvæmt lögum um menningarminjar.¹¹

Minjastofnun fjallar efnislega um úttekarsvæðið og tekur ákvarðanir er varðar þær minjar sem innan þess eru.

¹¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Heimildir

Birna Lárusdóttir (2011). *Mannvist – Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.

Bjarni Bjarnason (1971). Byggðasaga Nesjahverfis. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, III. Bindi (bls. 111-282)*. Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Helgi Ragnarsson. (2018, 19. júlí). Símtal og tölvuskeyti við landeiganda.

Landmælingar Íslands (2018). *Kortavefsjá, örnefnakort*, sótt 23. júlí 2018 á <http://kortasja.lmi.is>

Loftmyndir ehf (2017, 22. ágúst). Loftmynd nr. 45. Litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Stefán Einarsson (1973). *Örnefnaskrá - Árnanes*. Heimildamaður: Vilmundur Jónsson, f. 1886. Lesið fyrir Benedikt Einarsson, f. 1875. Örnefnastofnun Árna Magnússonar.

Sveitarfélagið Hornafjörður (á.á.). Stjórnsýsla, Skipulagsmál. Sótt 23. júlí 2018 á <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/adalskipulag/>